

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6,  
220 Hafnarfirði

17. desember 2018

**Efni: Ósk um heimild til endurnýjunar á 132 kV háspennustrengs HF1, í breyttri legu við Reykjanesbraut norðan Áslands.**

Landsnet fyrirhugar lagningu 132 kV jarðstrengs í Hafnarfirði í nýrri legu á um 1 km kafla. Framkvæmdin er óhjákvæmileg þar sem núverandi strengur mun í núverandi legu Reykjanesbrautar verða fyrir framkvæmdum við breikkun hennar á þessum kafla. Strengurinn er mjög mikilvæg flutningsleið fyrir Hafnarfjörð.

Samhliða strengnum mestan part leiðarinnar verður lögð stofnlögn Vatnsveitu Hafnarfjarðar og á styttri kafla 11 kV strengir HS Veitna.

Áætlað er að verkið verði boðið út í janúar 2019, lagningu strengs ljúki um mitt sumar 2019 og yfirborðsfrágangi stuttu síðar.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2013.

Meðfylgjandi er lýsing mannvirkja og nánari upplýsingar um framkvæmdina ásamt yfirlitskortum, teikningum og öðrum upplýsingum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllst, f.h. Landsnets hf.



Víðir Már Atlason  
verkefnastjóri

Meðfylgjandi gögn:

Hafnarfjarðarlína 1, 132 kV jarðstrengur. Teikningar.  
Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.



**HAFNARFJARÐARLÍNA 1, og fleiri lagnir.**  
**Færsla lagna vegna breikkunar Reykjanesbrautar**

Lýsing mannvirkja  
vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

Desember 2018

---



**EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR FRAMKVÆMDALEYFIS</b>	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Aðalskipulag</b>	<b>5</b>
<b>2.2</b>	<b>Deiliskipulag</b>	<b>5</b>
<b>2.3</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum</b>	<b>5</b>
<b>2.4</b>	<b>Landeigendur</b>	<b>5</b>
<b>2.5</b>	<b>Aðrir leyfisveitendur</b>	<b>6</b>
<b>3</b>	<b>LÝSING FRAMKVÆMDAR</b>	<b>7</b>
<b>3.1</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>7</b>
<b>3.2</b>	<b>Lýsing á mannvirkjum</b>	<b>7</b>
<b>3.3</b>	<b>Efnistaka</b>	<b>8</b>
<b>3.4</b>	<b>Vinnubúðir</b>	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN</b>	<b>9</b>
<b>4.1</b>	<b>Almennt</b>	<b>9</b>
<b>4.2</b>	<b>Stefna Landsnets</b>	<b>9</b>
<b>4.2.1</b>	<b>Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka</b>	<b>10</b>
<b>4.2.2</b>	<b>Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins</b>	<b>10</b>
<b>4.3</b>	<b>Umhverfisáætlun Landsnets</b>	<b>10</b>
<b>VIÐAUKI</b>	<b>TEIKNINGAR - YFIRLITSKORT OG SNIÐ</b>	<b>11</b>



## 1 INNGANGUR

Vegna áforma um breikkun Reykjanesbrautar við Ásland er núverandi 132kV strengur Landsnets í uppnámi. Er því ráðgert að leggja nýjan 1 km langan kafla inn í Hafnarfjararðarlínu 1 utan við væntanlegt framkvæmdasvæði breikkunarinnar. Strengurinn er tengdur fyrirbyggjandi streng í báðum endum, en eldri strenghlutinn verður fjarlægður þegar farið verður í breikkun Reykjanesbrautar og fylgir sú framkvæmd því verki.

Fylgjandi þessari framkvæmd verður lagning stofnlagnar fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar og lagning 11kV strengja HS-veitna hluta leiðarinnar.

Áætlað er að jarðvinna og lagning þessara lagna verði boðin út í janúar 2019, framkvæmdir hefjist vorið 2019 og ljúki um mitt ár 2019.

Hér eru tekin saman gögn vegna framkvæmdaleyfis fyrir strenginn, skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2013.

## 2 FORSENDUR FRAMKVÆMDALEYFIS

### 2.1 Aðalskipulag

Lagnir sem nú verða endurnýjaðar í breyttri legu koma ekki fram á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, en þar sem verið er að lagfæra legu þeirra vegna samræmingar við tvöföldun Reykjanesbrautar á þessum kafla verður litið svo á að um aðlögun sér að ræða í samræmi við skipulag. Verði þær svo færðar inn á skipulagið að breytingu lokinni.

### 2.2 Deiliskipulag

Áætluð lega lagna mun ekki trufla uppbyggingu annarra mannvirkja samkvæmt deiliskipulagi Áslands, Reykjanesbrautar eða kirkjugarðs.

### 2.3 Mat á umhverfisáhrifum

Strenglöggnin er öll innanbæjar í röskuðu landi og umhverfisáhrif í takt við það.

### 2.4 Landeigendur

Lagnir liggja allar í landi Hafnarfjarðarbæjar og á Vegsvæði Reykjanesbrautar að litlum hluta.

## 2.5 Aðrir leyfisveitendur

Ekki er þörf á leyfi Orkustofnunar því einungis er um tilfærslu og endurnýjun hluta strenglagnar.

Vegagerðin hefur fengið umsókn um leyfi til færslu lagnanna og líklegt að slíkt verði heimilað enda óhjákvæmileg vegna framkvæmda Vegagerðarinnar við Reykjanesbrautina og einungis um tilfærslu í þágu breikkunarinnar.



### 3 LÝSING FRAMKVÆMDAR

#### 3.1 Staðhættir

Fyrirhuguð lagnaleið liggur frá Strandgötu og að mestu meðfram Ásbraut til austurs að norðan verðu. Lagnir þvera Reykjanesbrautina í ídráttarrörum sem þegar eru komin, en 132kV strengurinn liggur svo einn austur eftir Reykjanesbrautinni að norðan verðu og sveigir svo inn í kirkjugarðinn. Meðfylgjandi mynd sýnir áætlað framkvæmdasvæði og legu endurnýjunar fyrir áður nefndar lagnir.



Mynd 1. Rauð lína sýnir fyrirhugaða leið fyrir endurnýjun lagna og hvítar línur afmarka áætlað framkvæmdasvæði.

#### 3.2 Lýsing á mannvirkjum

Hafnarfjarðarlína 1 er 132 kV jarðstrengur sem settur er saman úr þremur einleiðurum, einum fyrir hvern fasa. Vatnslögn er 400mm og strengir eru 11kV. Í viðauka eru grunnmyndir og snið.

Öllu ónothæfu umframefni úr skurði verður ekið á tippsvæði á vegum sveitarfélagsins eða nýtt á vinnusvæði að fengnu leyfi viðkomandi yfirvalda.

Truflun á umferð um vegi verður haldið í lágmarki en verður óhjákvæmileg við Ásbrautina. Truflun vegna ídráttar undir Reykjanesbraut ætti að vara hverfandi en umferð vinnutækja verður þó einhver meðan á framkvæmd stendur.

Aðalþverunin undir Reykjanesbraut hefur þegar verið lögð með ídráttarrörum. Strengur er varinn með öflugum hlífðarborða og lagnir almennt merktar með viðvörunarborða. Þar sem hætta er á að lagnasandur skolist til er settur síudúkur í skurð og umhverfis sandinn. Yfirborð í skurðstæði verður fært til fyrra horfs. Í meginatriðum er þökulagt í skurðsár á nærsvæðum gatna en sáð í önnur svæði.

Ekki er reiknað með sérstakri slóðagerð í verkinu enda aðkoma þokkaleg frá götum og plönnum. Á móti kemur að búast má við vinnuumferð meðan á verkinu stendur.

### **3.3 Efnistaka**

Lagnasandur og önnur aðkeyrð fylling verður tekinn úr opnum námum í rekstri sem hafa tilskilin leyfi.

### **3.4 Vinnubúðir**

Kjósi verktaki að setja upp vinnubúðir verður staðsetning þeirra, gerð og rekstur háð samþykki bæjaryfirvalda og umsjónarmanns verksins. Sama er að segja um efnislager og tækjageymslu. Verktaki mun annast skipulag vinnusvæða sinna og verður honum gert að framfylgja öllum viðeigandi ákvæðum í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, mengunarvarnarreglugerð og heilbrigðissamþykktum viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þá þarf hann að afla starfsleyfis heilbrigðiseftirlits.

## 4 ÖRYGGIS-, HEILBRIGÐIS- OG UMHVERFISÁÆTLUN

### 4.1 Almennt

Landsnet leggur mikla áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál, hvort sem er við undirbúning framkvæmda, framkvæmdir eða rekstur mannvirkja. Kröfum fyrirtækisins til þessara þátta er fylgt fast eftir við framkvæmd verkefna á þess vegum. Fjallað verður um þessar kröfur í útboðsgögnum. Meðal þess sem þar kemur fram er eftirfarandi:

- Öllum aðilum sem verkkaupi ræður til verksins ber að vinna eftir þeim lögum, reglum og gildandi stöðlum sem við eiga, og í samræmi við reglur og stefnu Landsnets um öryggi, heilbrigði og umhverfi Lög 46/1980 og reglugerð 920/1980.
- Við tímabundna mannvirkjagerð gilda reglur nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð sem eru hluti af reglum sem falla undir vinnuverndarlöggjöfina og er lýst í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglurnar kveða á um að verkkaupa beri að sjá til þess að öryggis-, heilbrigðis- og umhverfis-áætlun (ÖHU áætlun) sé gerð áður en framkvæmdasvæði er skipulagt. Þessi áætlun er hluti af útboðsgögnum verksins. Áætlunin lýsir kröfum til aðila sem koma að verkinu á framkvæmdastigi.
- Allir verktakar og undirverktakar skulu útbúa sína eigin ÖHU áætlun fyrir verkið og skal hún borin undir verkkaupa til samþykkis fyrir upphaf vinnu. Við gerð ÖHU áætlunar sinnar skal verktaki taka mið af ÖHU áætlun Landsnets og uppfylla að minnsta kosti allar kröfur sem settar eru fram í henni. Einnig skal hann uppfylla allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðum og reglum þeim tengdum, svo og öðrum lögum, reglugerðum og reglum sem eiga við framkvæmd verksins. Sérstaklega er vísað til reglna nr. 547/1996, reglugerðar nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og í fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17 frá Vinnueftirlitinu og eiga við framkvæmd verksins.

### 4.2 Stefna Landsnets

Landsnet leggur áherslu á heilsuvernd, persónu- og rekstaröryggi og er umhugað um fólk og samfélagið. Landsnet skapar góðan slysalausan vinnustað þar sem öllum líður vel og leggur sitt að mörkum til að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi. Landsnet ber ábyrgð á eigin öryggi og skilur þær öryggis-, heilbrigðis- og vinnuhverfisáhættur sem fylgja starfsemi. Landsnet beitir þekktum aðferðum til að koma auga á, meta og stjórna áhættum og ef verkið er ekki öruggt er fundin örugga leið.

### ÁHERSLUR

- Að skapa slysalausan vinnustað
- Að áhættumeta alla þætti starfseminnar
- Að ábyrgð stjórnenda sé skýr og starfsmenn viti að öryggi þeirra hefur ávallt forgang
- Að aðbúnaður á öllum vinnustöðum miði að því að tryggja öryggi og viðhalda góðri heilsu og vellíðan
- Að starfsmönnum sé tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd
- Að unnið sé að stöðugum umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum

- Öll atvik sem snerta öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru tilkynnt og unnið úr þeim í forvarnarskyni.
- Landsnet er með og vinnur í samræmi við vottað öryggisstjórnunarkerfi OHSAS 18001
- Öryggisstjórnunarkerfið ásamt öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnunni eru rýnd árlega. Starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um niðurstöður og áhersluatriði
- Öryggisnefnd sinnir öryggismálum og mótar stefnu í málaflokknum
- Neyðarstjórn stýrir viðbrögðum við stærri vá. Áætlanir um viðbrögð við vá eru tiltækar og æfðar kerfisbundið.

#### 4.2.1 Umhverfisstefna vegna framkvæmdaverka

- Að halda umhverfisröskun á byggingartíma í lágmarki.
- Að frágangur í verklok verði til fyrirmyndar.

#### 4.2.2 Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismarkmið verksins

Markmið framkvæmdarinnar hvað varðar öryggi, heilbrigði og umhverfi eru eftirfarandi:

- Engin vinnuslys verði á verktíma.
- Umhverfi starfsmanna sé heilsusamlegt.
- Starfsmenn noti ávallt tilskilinn öryggis- og hlífðarbúnað.
- Framkvæmdar séu áhættugreiningar fyrir alla verkþætti.
- Ekkert umhverfisslys verði á verktíma, þar með talið engin óstýrð losun óæskilegra efna.
- Ekkert rask verði fyrir utan þau svæði sem skilgreind eru sem framkvæmdasvæði.

### 4.3 Umhverfisáætlun Landsnets

Kröfur Landsnets til umhverfismála er að finna í Umhverfisáætlun Landsnets, sem birt verður í útboðsgögnum verksins.

**VIÐAUKI    TEIKNINGAR - YFIRLITSKORT OG SNIÐ**



SKÝRINGAR GRUNNMYND  
 — Lagnaleið  
 — Framkvæmdasvæði

ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	DAGSETNING
					19.12.2018
					GERT ös
					YFIRFARID þþ
					BLADSTÆRD A3

LANDSNET

HAFNARFJARDARLÍNA 1

ENDURNÝJUN  
 YFIRLITSKORT  
 LAGNALEIÐ




FERLI	SÆTI	STADUR
LYK-1	LYKO	
NÚMER	2509-481	ÚTGÁFA BLAD
4_21_006		N BLAD





# 1 Frá Suðurgötu að Ásbraut

M 1:20



# 2 Neðsti hluti Ásbrautar, neðan við beygju

M 1:20



MÆLIKVARÐI 0 1000 mm

# DRÖG

## Skýringar.

Sjá númer sniða á grunnmynd.  
Ath. sjá gögn HS og Vatnsveitu Hafnarfjarðar varðandi 11kV strengi og vatnslögn.

## Skýringar

Almennt gildir að yfir streng er settur hlífðarborði 170x2mm, en öflugri borði 300x6mm kemur á kafla innanbæjar og þar sem hættu er á meira raski til framtíðar. Einnig þar sem farið er undir stofnlagnir og á svæði þar sem gert er ráð fyrir gatna- eða slóðagerð.  
Jarðvegisdúkur er settur umhverfis strengsandi ef hættu er á vatnsrennsli um skurðsnið eða strengstæði er í sprunginni klöpp.

Mál eru í mm


UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	DAGSETNING	18.12.2018	LANDSNET	Jarðvinna og lagnir Snið 1 og 2 Vatnsveita, 11kV og 132kV rafstrengir	FERLI	SÆTI	STADUR		
																LYK-T	LYK-D	
																NUMER	481	2509
																UTGÁFA	BLAD	N BLAD
											A2	HAFNARFJARDARLÍNA 1	EFLA	4_22_003				

O:\V\Landsnet\_2509\481\_HF1\_1\vfóðlun\_Reykjanesbrautar\09\_Tekningar\DWG\HF1-UTBODSTEIKNINGAR-2018-12-18.dwg



# 3 Snið meðfram miðhluta Ásbrautar, frá neðri beygju, mön yfir streng

M 1:20




DRÖG

## Skýringar.

Sjá númer sniða á grunnmynd.  
Ath. sjá gögn HS og Vatnsveitu Hafnarfjarðar varðandi 11kV strengi og vatnslögn.

## Skýringar

Almennt gildir að yfir streng er settur hlífðarborði 170x2mm, en öflugri borði 300x6mm kemur á kafla innanbæjar og þar sem hættu er á meira raski til framtíðar. Einnig þar sem farið er undir stofnlagnir og á svæði þar sem gert er ráð fyrir gatna- eða slóðagerð.  
Jarðvegsdúkur er settur umhverfis strengsandi ef hættu er á vatnsrennsli um skurðsnið eða strengstæði er í sprunginni klöpp.



Mál eru í mm


UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	DAGSETNING	18.12.2018	LANDSNET	Jarðvinna og lagnir Snið 3 Vatnsveita, 11kV og 132kV rafstrengir	FERLI	SÆTI	STADUR		
																LYK-T	LYK	
																NUMER	UTGÁFA	BLAD
																481	2509	N BLAD
														4_22_003				

O:\V\Landsnet\_2509\481\_HF1\_ivofloðun\_Revkjanesbrautar\09\_Teikningar\DWG\HF1-UTBOÐSTEIKNINGAR-2018-12-18.dwg

4

Meðfram efsta hluta Ásbrautar, engin mön yfir streng

M 1:20




DRÖG

5

Frá Ásbraut að beygju að Reykjanesbraut

M 1:20



Skýringar.

Sjá númer sniða á grunnmynd.  
Ath. sjá gögn HS og Vatnsveitu Hafnarfjarðar varðandi 11kV strengi og vatnslögn.

Skýringar

Almennt gildir að yfir streng er settur hlífðarborði 170x2mm, en öflugri borði 300x6mm kemur á kafla innanbæjar og þar sem hættu er á meira raski til framtíðar. Einnig þar sem farið er undir stofnlagnir og á svæði þar sem gert er ráð fyrir gatna- eða slóðagerð.  
Jarðvegisdúkur er settur umhverfis strengsandi ef hættu er á vatnsrennsli um skurðsnið eða strengstæði er í sprunginni klöpp.

Mál eru í mm




O:\V\Landsnet\_2509\481\_HF1\_1\vfóðlun\_Reykjanesbrautar\09\_Teikningar\DWG\HF1-UTBOÐSTEIKNINGAR-2018-12-18.dwg

UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	DAGSETNING	FERLI	SÆTI	STADUR		
							18.12.2018				LANDSNET	Jarðvinna og lagnir	HAFNARFJARÐARLÍNA 1		
							pp							LYK-T	LYK
							IE							NUMER	UTGÁFA
							A2				481	2509	N BLAD		
											4_22_04				

6

Sunnan þveruna á Reykjanesbraut


M 1:20



7

Norðan Reykjanesbrautar


M 1:20



8

Ídráttarrör undir Reykjanesbraut

M 1:20



DRÖG


Skýringar.

Sjá númer sniða á grunnmynd.  
Ath. sjá gögn HS og Vatnsveitu Hafnarfjarðar varðandi 11kV strengi og vatnslögn.

Skýringar

Almennt gildir að yfir streng er settur hlífðarborði 170x2mm, en öflugri borði 300x6mm kemur á kafla innanbæjar og þar sem hættu er á meira raski til framtíðar. Einnig þar sem farið er undir stofnlagnir og á svæði þar sem gert er ráð fyrir gatna- eða slóðagerð.  
Jarðvegsdúkur er settur umhverfis strengsandi ef hættu er á vatnsrennsli um skurðsnið eða strengstæði er í sprunginni klökk.

Mál eru í mm



O:\V\Landsnet\_2509\481\_HF1\_Ívöföðun\_Reykjanesbrautar\09\_Teikningar\DWG\HF1-UTBODSTEIKNINGAR-2018-12-18.dwg

UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	UTGÁFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMBÝKKT	DAGSETNING	18.12.2018		Jarðvinna og lagnir Snið 6, 7 og 8 Vatnsveita, 11kV og 132kV rafstrengir	FERLI	SÆTI	STADUR		
										GERT	bb					LYK-T	LYK	
										SAMBÝKKT	IE					NUMER	442	2509
										BLADSTÆRÐ	A2			HAFNARFJARDARLÍNA 1		4_22_005		